



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 16. mars 2026
26031233/101.00 IA

Efni: Umsókn um stofnframlög vegna kaupa á íbúðum 2026

Brynja leigufélag ses hefur sent inn beiðni um stofnframlög vegna kaupa á 6 íbúðum í Kópavogi. Þar kemur fram að áætlað kaupverð sé um 462,5 m.kr. sem þýðir að 12% hluti Kópavogsbæjar yrði um kr. 55,5 milljónir.

Í fjárhagsáætlun ársins 2026 er ekki beint gert ráð fyrir framlögum af þessu tagi, hinsvegar er undir lið 58-101 (efnahagsreikningur húsnæðisnefndar) fjárhæð sem mætti ráðstafa í þetta verkefni eins og við fyrri stofnframlög.

Kópavogsbær og Brynja leigufélag ses hafa átt jákvætt samstarf með svona fyrirkomulag í nokkur ár, en við fyrri úthlutanir hafa Kópavogsbær og Brynja leigufélag ses gert með sér samning þar sem fram kemur að báðir aðilar annist og hafi samráð við úthlutun íbúðanna, þannig að fyrst sé gengið á sameiginlega biðlista áður en aðrar ráðstafanir séu gerðar.

Núna í mars 2026 hefur verið gengið frá stofnframlögum vegna 30 íbúða og er bókfært virði framlaganna rúmar 203 m.kr.

Hér getur verið um að ræða hagkvæman kost við að auka framboð á félagslegum íbúðum í Kópavogi.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri

